

AUGLÝSING

um staðfestingu á samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar um breytingu á mörkum sveitarfélaganna við Úlfarsfell.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 30. mars 2001 staðfest samning, dags. 28. febrúar 2001, sem undirritaður er af fulltrúum ofangreindra sveitarfélaga, um breytingu á mörkum sveitarfélaganna við Úlfarsfell.

Samkvæmt samningnum breytast mörk sveitarfélaganna þannig að suðurhlíðar Úlfarsfells verða framvegis innan marka Reykjavíkurborgar. Er breyting staðarmarkanna sýnd með hnitum í hnitaskrá Reykjavíkurborgar frá 1951 á uppdrætti, sem telst hluti samningsins.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 30. mars 2001.

Páll Pétursson.

Guðjón Bragason.